

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

### 9. fundur 26. júní 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 26. júní 2002 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Staða mála.
2. Starfsemi safnsins.
4. Önnur mál.

#### 1. Staða mála.

Ekki hefur enn borist tilkynning frá bæjaryfirvöldum um kjör nýrrar stjórnar eftir bæjarstjórnarkosningarnar 25. f.m. og heldur því skjalasafsstjórnin áfram störfum *in continenti*. Fundurinn var ákveðinn vegna stöðu mála fyrir sumarleyfi, en stjórnin samþykkti að næsti fundur yrði ekki haldinn fyrr en eftir verslunarmannahelgi.

#### 2. Starfsemi safnsins.

a) Safnið verður lokað vegna sumarleyfa 1.-17. júlí, en þann tíma sinnir Anna Stella Snorradóttir störfum á bæjarskrifstofum á þess vegum.

b) Héraðsskjalavörður gerði stjórninni grein fyrir heimsóknum sínum í önnur héraðsskjalasöfn þar sem hann hafði kynnt sér aðstöðu og starfsemi. Það voru héraðsskjalasöfn Skagfirðinga á Sauðárkróki og Austur-Húnavetninga á Blönduósi. Áður hafði héraðsskjalavörður skoðað söfnin á Akranesi og Selfossi. Vel er að flestu leyti að verki staðið í þessum söfnum og unnt að sækja þangað ýmsar fyrirmyndir um rekstur og búnað.

c) Safninu hefur borist nokkurt efni til varðveislu frá síðasta fundi. Sem dæmi má nefna myndir sem Skúli Skúlason hefur tekið fyrir "Framsýn" og að eigin frumkvæði og fylgdi skrá yfir þær, og Ingimar Sigurðsson járnsmiður hefur afhent gögn úr "gamla Kópavogi". Rætt var um fleira af þessu tagi.

d) Í framhaldi af fundi héraðsskjalavarda í Þjóðskjalasafni 10. maí sl. (sbr. 8. fg., 2. l.) mun héraðsskjalavörður hitta Þjóðskjalavörð næsta föstudag, 29. þ.m., og ræða við hann um safnið, verksvið þess og viðfangsefni og gera stjórnarmönnum grein fyrir niðurstöðunum á næsta fundi.

e) Rætt var um gögn sem geymd eru í kjallara gamla bókasafnsins.

**3. Önnur mál.**

Ákveðið var að óska eftir fundi með bæjarstjóra við fyrstu hentugleika um ýmis málefni safnsins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18.00.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leó Ingason  
héraðsskjalavörður